



## Viðtalsþættir vegna mats á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í greiðslustofnunum

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands metur hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra greiðslustofnana í samræmi við ákvæði laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu og ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 114/2021. Sameiginlegar viðmiðunarreglur EBA og ESMA (EBA/GL/2021/06) um mat á hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna, útlista nánar kröfur um þekkingu, hæfni og reynslu sem framkvæmdastjórar og stjórnarmenn eiga að búa yfir. Stjórn ber sameiginlega ábyrgð á starfsemi greiðslustofnunar. Það er hins vegar mikilvægt að stjórnarmenn séu sjálfstæðir í hugsun og hafi hæfni til að meta, gagnrýna og hafa eftirlit með ákvarðanatöku í daglegri starfsemi greiðslustofnunar. Í viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti (EBA/GL/2021/05), er nánar kveðið á um hlutverk, ábyrgð og skyldur stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í starfsemi fjármálafyrirtækis og er gagnlegt að hafa viðmiðunarreglurnar til hliðsjónar.

Í viðtali kannar fjármálaeftirlitið þekkingu, skilning og viðhorf stjórnarmanna og framkvæmdastjóra varðandi helstu efni sem tengjast hlutverki þeirra og ábyrgð og byggir mat sitt meðal annars á upplýsingum sem þar koma fram.

Hér að neðan eru talin upp efnisatriði sem koma til með að mynda ramma viðtalsins. Ekki er um tæmandi viðtalsþætti að ræða. Neðst í skjali þessu má að auki finna leslista og ítarefni sem unnt er að styðjast við, við undirbúning viðtalsins.

## I. Dæmi um viðtalsþætti vegna mats á hæfi stjórnarmanna í greiðslustofnunum

### 1. Fjármálamarkaður

- Helstu réttarheimildir sem gilda um starfsemi greiðslustofnana
- Sérstaða greiðslustofnana
- Þekking á starfsemi þess félags sem viðtal snýr að
- Viðskiptalíkan
- Helstu áhættur í starfsemi greiðslustofnana
- Áhrif alþjóðareglna og alþjóðlegs samstarfs á starfsemi greiðslustofnana
- Hlutverk, ábyrgð og starfsemi fjármálaeftirlitsins

### 2. Stjórn, stjórnarhættir og ábyrgð stjórnar

- Stjórnskipulag greiðslustofnunar
- Hæfisskilyrði stjórnarmanna greiðslustofnana
- Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanns
- Helstu verkefni og skyldur stjórnar greiðslustofnana
- Starfsreglur stjórnar
- Helstu stefnur í starfsemi greiðslustofnunar

### 3. Innra eftirlit

- Innra eftirlit greiðslustofnana
- Hlutverk stjórnar í fyrirtækja- og áhættumeningu
- Þrjár varnarlínur innra eftirlits
- Hlutverk og ábyrgð innri endurskoðunar
- Hlutverk stjórnar í áhættustýringu
- Hlutverk og ábyrgð starfssviðs áhættustýringar

### 4. Reikningsskil og endurskoðun

- Rammi fyrir gerð og framsetningu reikningsskila
- Lög og reglur sem tengjast ársreikningum greiðslustofnana
- Helstu alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem tengjast reikningsskilum greiðslustofnana
- Ábyrgð og eftirlit með reikningsskilum og endurskoðun
- Hlutverk ytri endurskoðanda

## 5. Sjálfstæði, dómgreind og viðhorf

- Sjálfstæði stjórnarmanna
  - Óhæði
  - Sjálfstæði í hugsun
  - Ákvörðunartaka
- Háttsemi og heilindi
- Hagsmunaárekstrar
- Hagsmunatengsl og vanhæfi
- Hæfni til að gegna starfi stjórnarmanns
- Samfélagsleg ábyrgð og umboðsskylda

## II. Dæmi um viðtalsþætti vegna mats á hæfi framkvæmdastjóra í greiðslustofnunum

### 1. Fjármálamarkaður

- Helstu réttarheimildir sem gilda um starfsemi greiðslustofnana
- Sérstaða greiðslustofnana
- Þekking á starfsemi þess félags sem viðtal snýr að
- Viðskiptalíkan
- Helstu áhættur í starfsemi greiðslustofnana
- Áhrif alþjóðareglna og alþjóðlegs samstarfs á starfsemi greiðslustofnana
- Hlutverk, ábyrgð og starfsemi fjármálaeftirlitsins

### 2. Stjórn, stjórnarhættir og ábyrgð stjórnar

- Stjórnskipulag greiðslustofnana
- Hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra greiðslustofnana
- Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna
- Hlutverk og ábyrgð framkvæmdastjóra
- Helstu verkefni og skyldur framkvæmdastjóra
- Helstu stefnur í starfsemi greiðslustofnunar

### 3. Innra eftirlit

- Innra eftirlit greiðslustofnunar
- Hlutverk framkvæmdastjóra í fyrirtækja- og áhættumeningu
- Þrjár varnarlínur innra eftirlits
- Hlutverk og ábyrgð innri endurskoðunar
- Hlutverk og ábyrgð áhættustýringar

### 4. Reikningsskil og endurskoðun

- Rammi fyrir gerð og framsetningu reikningsskila
- Lög og reglur sem tengjast ársreikningum greiðslustofnana
- Helstu alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem tengjast reikningsskilum greiðslustofnana
- Ábyrgð og eftirlit með reikningsskilum og endurskoðun
- Hlutverk ytri endurskoðanda

### 5. Sjálfstæði, dómgreind og viðhorf

- Háttsemi og heilindi
- Hagsmunaárekstrar
- Hagsmunatengsl og vanhæfi
- Hæfni til að gegna starfi framkvæmdastjóra
- Samfélagsleg ábyrgð

## Viðauki I

### Leslisti

- Lög nr. 2/1995 um hlutafélög
- Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
  - Reglur nr. 532/2003 um endurskoðun fjármálafyrirtækja
  - Reglur nr. 834/2003 um reikningsskil lánastofnana
  - Reglur nr. 150/2017 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja
- Lög nr. 3/2006 um ársreikninga
  - Viðeigandi alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
- Lög nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu
  - Reglur nr. 88/2020 um tryggilega varðveislu fjármuna sem greiðslustofnun móttækur
- Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
  - Reglugerð nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
  - Reglugerð nr. 545/2019 um áhættumat vegna peningabættis og fjármögnun hryðjuverka
  - Reglugerð nr. 105/2020 um áhættusöm þriðju lönd vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
  - Reglugerð nr. 70/2019 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- Viðmiðunarreglur EBA um fyrirkomulag útivistunar (EBA/GL/2019/02)
- Viðmiðunarreglur EBA og ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna (EBA/GL/2021/06)
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitskyldra aðila

## Ítarefni

- Viðeigandi lög, reglugerðir og reglur sem gilda um starfsemina, auk leiðbeinandi tilmæla fjármálaeftirlitsins og viðeigandi EBA, ESMA og EIOPA viðmiðunarreglur sem finna má á heimasíðu Seðlabanka Íslands
- Spurt og svarað, túlkanir og gagnsæistilkynningar á heimasíðu Seðlabanka Íslands
- Siðfræði og samfélagsábyrgð eftir Øyvind Kvalnes

Uppfært í febrúar 2024